



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

72. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennarastofu skólans miðvikudaginn 22. september, og hófst hann kl. 17.00. Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, formaður, Eggert Ólafsson, Hreinn Ásgrímsson, Ingimundur Guðnason, Áki Gränz, Bogi Hallgrímsson, Ómar Bjarnþórsson, Jón Böðvarsson, skólameistari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari og Kalla Björg Karlsdóttir, fulltrúi nemenda. Þetta gerðist:

1. Tekið var fyrir meðfylgjandi bréf (sjá fylgiskjal) frá nemendaráði fjölbrautaskólans og fylgdi Kalla bréfinu eftir fyrir hönd nemenda. Talsverðar umræður urðu um málið, og kom fram í þeim að um fleiri og sennilega ódýrari valkosti væri að ræða en um getur í bréfinu, svo sem með kaupum á tilbúnum matarpökkum frá Mjólkur-samsölunni og einnig á tilbúnu örbylgjufæði frá Sambandinu. Almennt töldu menn að athuga bæri þessa möguleika og fleiri, þar sem niðurgreiðsla á mat til nemenda yrði talsvert kostnaðarsöm fyrir sveitarfélögin því ætla má að stór hluti nemenda nýtti sér þessa þjónustu ef á boðstólnum væri. Var nemendaráði falið það verk. - Skólanefndin var sammála um að ágætt væri að heyra viðbrögð sveitarfélaganna í þessu máli.
2. Skólameistari sagði frá fyrirhugaðri ferð sinni og annarra skólastjóra víða af landinu sem farin verður til Bandaríkjanna 1. - 14. október á vegum Skólameistarafélags Íslands. Þar sem kostnaður við ferðina er allhár, eða um 27.000 kr., var skólanefnd sammála um að veita Jóni styrk til fararinnar að upphæð 23.000 kr. þar sem ferðin hefði mikið gildi fyrir skólann. Þakkaði Jón fundarmönnum góðan skilning og velvild í þessu máli.

3. Skólameistari gerði grein fyrir eftirfarandi:

- a) Innréttingar á kennarastofu hafa verið settar upp og taldi að með þessu væri kennarastofu að mestu fullgerð.
- b) Samningur var gerður við Þór h.f. um kaup á 6 tölvm með hugbúnaði. Kostnaður við þær er um 217.000 kr.
- c) Keyptir hafa verið 5 myndvarpar frá Hong Kong að upphæð 35.000 kr. Voru þeir pantaðir fyrir einu ári.

4. Önnur mál.

- a) Jón lagði fram bráðabirgðatölur um skiptingu nemenda eftir sveitarfélögum. Þar kemur fram að skipting á nemendum milli sveitarfélaganna er mjög óeðlileg. Umræður urðu miklar, en engin viðhlítandi skýring kom fram á þessari skiptingu, en nefndarmenn voru sammála um að mál þetta þyrfti að athuga gaumgæfilega.
- b) Kennarafélagið hefur farið þess á leit að setja starfsreglur fyrir matráðskonu og lögðu fram tillögur þar að lútandi. Skólanefnd féllst á þær starfsreglur.
- c) Tekið var fyrir bréf frá Hjálmari Árnasyni og Baldri Sigurðssyni um fargjaldastyrk. Skólanefnd samþykkti að vísa þessu frá sér og vitnar til fyrri samþykktar.
- d) Ósk kom fram frá nemendaráði um loftræstingu á herbergi þess. Skólanefnd samþykkti að setja loftræstingu í glugga til bráðabirgða.
- e) Ingimundur óskaði að fundarboð yrðu send út með nægilegum fyrirvara, þar sem annað gæti komið sér illa. Jón gerði grein fyrir ástæðu þess að fundur þessi væri boðaður með svo skömmum fyrirvara, enda er slíkt algjör undantekning. Fleira var ekki gert og fundi slitið

Ómar Bjarnþórsson, fundarritari.

Ágætisskólanefndarmeðlimur:

Eins og þér er væntanlega ljóst hefur mötuneyti verið starfrækt í Fjölbautaskóla Suðurnesja. Galli er þó á gjöf Njarðar. Á boðstólnum hefur aðeins verið snarlfæði þ.e.a.s. brauð, kleinur, kaffi o.s.frv. Stjórn NFS hefur mikinn hug á að bæta úr þessu þannig að á boðstólnum verði heitar máltíðir sem verði tiltölulega ódýrar en þó hollar og næringaríkar. Eldunaraðstaða skólans er ófullnægjandi þannig að eina leiðin til að bæta úr þessu er að kaupa mat annars staðar frá. Við höfðum samband við veitingastofuna Þristinn, og er Þristurinn reiðubúinn til að selja okkur hverja máltíð á kr. 75.

Við vildum því fara þess á leit við þig sem fulltrúa viðkomandi sveitar/bæjarfélags hvort ekki væri möguleiki á því að það tæki þátt í kostnaði sem þessu fylgir.

Við teljum þetta mikið hagsmunamál, bæði fyrir nemendur og þau sveitar/bæjarfélög sem að skólanum standa. Vitað er að margir utanbæjarnemendur hafa hrökklast frá námi vegna aðstöðuleysis í skólanum. Við teljum að heitar máltíðir í skólanum væru líklegar til að laða að nemendur sem utan Keflavíkur búa. Einnig er matarhlé það stutt að þeir sem búa í Keflavík hafa í raun ekki tíma til að fara heim í mat.

Við töldum viðeigandi að gera grein fyrir því hvernig við höfum hugsað okkur að framkvæmd á þessu verði.

1. Í mötuneyti verði teknað niður pantanir s.s. fyrir þriðjudag, þá verði hann pantaður og borgaður á mánudag.
2. Nemendur myndu síðan sjá um uppvott.
3. Ef sveitar/bæjarfélög fást til að taka þátt í kostnaðinum þá verði tekið saman í lok hvers mánaðar hversu margar máltíðir voru keyptar, síðan reiknaður út kostnaður sveitarfélaganna og hann síðan lagður inn á ávísunarreikning NFS.
4. Við teljum æskilegt að verð á máltíð til nemenda kr. 30 (sjá hjálögð kostnaðaráætlun).

Fyrir hönd nemenda vonumst við eftir skjótri og vinsamlegri afgreiðslu þessa máls.

Með vinsemd og virðingu:

Kalla Björg Karlsdóttir, form. NFS

Gylfi Jón Gylfason, ritari NFS

Þorvaldur Árnason, gjaldkeri NFS